

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Innra mat í VMA skólaárið 2017-2018

Kennslu- og áfangamat

Haustönn 2017

Vorönn 2018

Verkmenntaskólinn á Akureyri
Október 2018

Inngangur

Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) starfar skv. lögum um framhaldsskóla [nr. 92/2008](#) en þar er m.a. kveðið á um hvernig innra mati skuli háttað í framhaldsskólum landsins. Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er m.a. að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Einnig er markmiðið að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla, að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Jafnframt að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (40. gr.). Kveðið er á um að hver framhaldsskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á og birti opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur (41. gr.). Tilgangur þessarar skýrslu er að halda til haga á einum stað öllum gögnum er varða innra mat skólans fyrir skólaárið 2017-2018 eins og lög gera ráð fyrir.

Innra mat í VMA og ISO 9001 gæðakerfi

Grunnhugsunin á bak við gæðakerfi er að unnið sé að stöðugum umbótum á allri starfsemi skólans. Það er ein af forsendum framþróunar að menn hugi stöðugt að endurbótum innan þeirrar starfsemi sem fyrirtækið eða stofnunin vinnur eftir. ISO-9001 gæðakerfið var á sínum tíma hannað fyrir fyrirtæki sem framleiða einhverja vöru til viðskiptavina. Með gæðakerfi er verið að lýsa hvernig skóli starfar og tryggja að unnið sé eftir þeim vinnureglum sem þar eru settar. Mikil vinna hefur farið í að yfirfæra verkfæri gæðastaðla og gæðakerfisins yfir í nám, kennslu og þjónustu við nemendur og starfsfólk í skólanum.

Vorið 2010 fékk VMA ISO-9001 vottun á alla kennslu í dagskólanum og unnið hefur verið að því að laga fjarnámskennslu að gæðakerfið síðustu fimm ár. Þeirri vinnu er ekki að fullu lokið. Gæðakerfi af þessu tagi einkennast af því að stofnunin skilgreinir markmið sín með skólastarfinu og lýsir því síðan með t.d. verklagsreglum, starfslýsingum, skilgreiningum o.fl. hvernig staðið skuli að

verki í þeim tilgangi að ná þeim gæðamarkmiðum sem stofnunin hefur sett sér. Kerfi af þessu tagi felur síðan óhjákvæmilega í sér reglubundið mat á starfi stofnunarinnar, á því hvort vinnan er í samræmi við skráðar verklagsreglur og hvort ástæða sé til þess að gera breytingar af einhverju tagi til þess að auka gæði þess starfs sem unnið er í skólnum. Þetta ferli er stöðugt endurbætt og tekið út tvisvar á ári af ytri vottunaraðila sem er *Vottun hf.* Jafnframt eru úttektarmenn innan skólans sem framkvæma svokallað innra mat á hverju skólaári sem tryggir að hver einasta verklagsregla sé rýnd innan tiltekin tímabils.

Einnig er það mikilvægur hluti gæðakerfisins að allir geti komið á framfæri ábendingum og kvörtunum sem fara inn í ákveðið ferli og unnið er með samkvæmt verklagsreglum. Þetta ábendinga- og kvörtunarferli hafa nemendur, kennarar og annað starfsfólk nýtt sér til að koma á framfæri þáttum sem hægt er að bæta í starfi skólans.

Ástæða þess að skólinn er með ISO-9001 vottun er sú að hann þarf að vinna eftir alþjóðasamþykktum frá [International Maritime Organisation \(IMO\)](#), sem Ísland og þar með skólinn er aðili að. Þessar samþykktir gera kröfu um að nám vélstjóra sé aðeins kennt í skólum með vottað gæðakerfi þannig að vélstjórar geti fengið alþjóðleg réttindi.

Mat á skólastarfinu samkvæmt gæðakerfinu fer fram með sama hætti og innra mat hlýtur alltaf að gera. Upplýsingum um framkvæmd er safnað, gögnin eru rýnd af til þess skipuðum aðilum og athugað hvort framkvæmd er í samræmi við samþykkt verklag og tillögur um viðbrögð eru lagðar fram þar sem þess er þörf. Að þessu starfi kemur stór hluti starfsmanna með einum eða öðrum hætti en stjórnendur, fag- og brautarstjórar og starfsmenn sem ráðnir eru til að sinna innra eftirliti gegna lykilhlutverkum.

Innihald gæðakerfis skólans er í [Gæðahandbók](#) sem er opin öllum í gegnum heimasíðu skólans. Áætlun um innra mat skólans er tveggja ára áætlun og fylgt eftir af gæðaráði.

Kennslu- og áfangamat

Á hverri önn fer fram kennslumat þar sem kennarar fá niðurstöður um stöðu sína og nemendur fá tækifæri til að láta í ljós skoðun sína á kennaranum og þeirri kennslu sem hann fær í einstaka áföngum í skólanum.

Tilgangur áfanga- og kennslumats er að kanna hvernig til hafi tekist í áfanganum og í skólastarfinu með það að markmiði að bæta það sem betur má fara. Niðurstöður úr kennslumatinu birtast kennurum í Innu í lok annar, og eru þær ræddar við viðkomandi kennara í starfsmannaviðtali við skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Hvert fag/braut fær niðurstöðu deildar/brautar sem rædd er á fag-/brautarfundi og er fundagerð skilað til skólameistara. Þá fer gæðaráð skólans yfir heildarniðurstöður kennslumats hverrar annar.

Fag- og brautarstjórar ásamt öðrum stjórnendum hafa forgöngu um að nýta niðurstöður matsins til að bæta faglegt starf innan skólans og tryggja þannig að nemendur fái þá kennslu sem lagt er upp með innihaldi áfanga og nýttar séu þær kennsluaðferðir sem best hæfa námi nemenda.

Kennslu- og áfangamat er gert á hverri önn og er 1/3 af áföngum skólans inni í hverri könnun. Því þarf samanlagt meðaltal 3ja anna til að fá meðaltal skólans.

Heildar niðurstöður kennslumats eru birtar á [heimasíðu skólans](#) og eru niðurstöður jafnframt birtar í skýrslu gæðastjóra fyrir hverja önn.

Kennslumat á haustönn 2017 fór fram í október og nóvember. Nemendur í þeim áföngum sem voru í úrtaki voru spurðir út í kennara, kennslu og áfangann. Nemendur í þeim áföngum sem voru í úrtaki voru spurðir út í kennara, kennslu og áfangann. Á haustönn 2017 voru áfangar og kennarar á eftirfarandi brautum/fögum í úrtakinu: málmsmíðabraut, enska, vélstjórnargreinar, háriðngreinar, bifvélavirkjun og íþróttir. Könnunin var unnin í gegnum Innu og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með upplýsingum um könnunina. Alls voru sendar út 1648 kannanir og fengust 755 svör eða tæplega 46% svörun sem er 6% aukning frá fyrri önn. Nemendur fengu ítrekun í tölvupósti tvisvar sinnum en lítið var farið í stofur til að biðja

nemendur að svara könnuninni. Alls var spurt um 30 kennara og 67 áfanga. Hægt er að nálgast niðurstöður einstaka áfanga inni á kannanakerfi Innu sem aðstoðarskólameistari hefur aðgang að.

Á vorönn 2018 voru áfangar og kennarar á eftirfarandi brautum/fögum í úrtakinu: rafiðnabraut, náttúrufræði, matvælagreinar, íslenska og sjúkraliðagreinar. Könnunin var unnin í gegnum Innu og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með upplýsingum um könnunina. Alls voru sendar út 1626 kannanir og fengust 718 svör eða rúmlega 44% svörun sem er 2% minna en á fyrri önn. Nemendur fengu ítrekun í tölvupósti tvisvar sinnum en lítið var farið í stofur til að biðja nemendur að svara könnuninni. Alls var spurt um 41 kennara og 66 áfanga í 109 nemendahópum.

Gæðamarkmið VMA sem mæld eru í kennslumati

Í gæðamarkmiðum skólans eru tveir þættir sem eru athugaðir í áfanga- og kennslumati, þeir eru hér að neðan. Markmiðin eru mæld út frá meðaltali síðustu þriggja anna þar sem 1/3 áfanga skólans eru í áfanga- og kennslumati á hverri önn. Að öðru leyti er vísað í skýrslu um [áfanga- og kennslumat](#) á heimasíðu skólans.

Mælikvarði	Markmið	Niðurstaða haust 2017	Niðurstaða vor 2018	Meðaltal síðustu þriggja anna
Á heildina lítið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum	85% svari frekar sammála eða mjög sammála	90% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála	87% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála	89% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála
Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi	85% svari frekar sammála eða mjög sammála	94% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála	95% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála	94% svöruðu frekar sammála eða mjög sammála

Ekki var lagt fyrir kennslumat í fjarnámi á skólaárinu 2017-2018.

Kennslukannanir í fjarnámi VMA hafa ekki verið reglulegar en síðasta könnun fór fram á haustönn 2015 og þar áður á vorönn 2012. Samkvæmt áætlun um innra mat er næsta könnun í fjarnámi fyrirhuguð á haustönn 2018.

Þjónustu- og starfsmannakannanir

Samkvæmt áætlun um innra mat eru gerðar þjónustukannanir annað hvert ár þar sem nemendur eru spurðir um aðra þjónustu en kennslu í áföngum og um skólastarfið sem heild. Jafnframt eru gerðar starfsmannakannanir á hverju ári þar sem starfsmenn eru spurðir um líðan í starfi, stjórnun innan stofnunarinnar og fleira er lýtur að starfsmönnum skólans. Í áætlun um innra mat er gert ráð fyrir starfsmanakönnun á vorönn 2018 og þjónustukönnun til nemenda haustið 2018.

Ákveðið var að nota könnunina **Stofnun ársins** fyrir innra mat skólans sem starfsmannakönnun. Sú könnun fer fram á vorin og verða þær niðurstöður hér eftir nýttar sem hluti af innra mati skólans á hverju ári.

Sendar voru út 133 kannanir og svörðu 93 sem er 70% svarhlutfall og telst vera þó nokkuð gott í þessari könnun. Þetta er í þriðja skiptið sem skólinn nýtir sér þessa könnun sem hluta af innra mati og er könnun að festast í sessi sem hluti af innra mati skólans hvað varðar starfsmannamál og stjórnun.

Í gæðamarkmiðum skólans eru tveir þættir sem er spurt um í Stofnun ársins. Það er að VMA sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins ár hvert þegar litið er til eftirfarandi tveggja spurninga: *Ég er ánægð(ur) með aðbúnað minn á vinnustaðnum og á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu.*

Mælikvarði	Markmið	Niðurstaða VMA vor 2018	Aðrir framhalds- og háskólar
Ég er ánægð(ur) með aðbúnað minn á vinnustaðnum (vinnuskilyrði)	VMA sé yfir meðaltali annara framhalds- og háskóla	3,06 (-0,07) 2017: 3,13	3,94
Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu.	VMA sé yfir meðaltali annara framhalds- og háskóla	4,0 (-0,18) 2017: 4,18	4,32 (+0,01) 2017: 4,31

Verkmenntaskólinn á Akureyri er í 73. sæti á lista yfir stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri með heildareinkunn upp á 3,58. Heildarmeðaltal allra stofnanna í könnunni 2018 er 3,98.

Markmið skólans í þessum þáttum hafa ekki náðst og skólinn í heild að koma ver út miðað við fyrri kannanir. Til að bregðast við niðurstöðum könnunarinnar hefur verið sett af stað greiningarvinna með aðstoð fagaðila frá Gallup. Unnið verður að umbótum á skólaárinu 2018-2019.

Helstu niðurstöður könnunarinnar og einstaka stofnanna þ.m.t. VMA eru birtar á vef [SFR](#).

Innri úttektir

Innri úttektir á verklagsreglum og gæðakerfinu fara fram á hverri önn og er úttektum fyrir skólaárið 2017-2018 ekki að fullu lokið og ákveðið að fresta eftirvinnu við nokkrar úttektir. Ljóst er að endurskoða þarf vinnulag hvað varðar innri úttektir til að samræma betur vinnulag og gera úttektirnar markvissari.

Eftirfylgni varðandi innri úttektir er á ábyrgð verkefnastjóra gæðamála og er framkvæmd samkvæmt skv. [VKL-403](#) Innri úttektir, kafli. 5.3. Yfirlit yfir athugasemdirnar má sjá í skýrslu gæðastjóra sem er gerð á hverri önn.

Ytri úttekt - Vottun

Kjartan J. Kárason starfsmaður Vottunar ehf. gerði úttekt á verkferlum þann 17. október 2017 og 16. mars 2018. Engar alvarlegar athugasemdir voru gerðar í þessum úttektum og hafa þær athugasemdir sem komu fram nú verið settar í vinnslu og/eða þeim lokið.

Á vorönn fór fram ytra mat á skólastarfinu í VMA. Tveir úttektaraðilar á vegum Menntamálastofnunar komu til að skoða aðstæður, ræða við stjórnendur og aðra starfsmenn og rýna í starfsemina. Úttektarskýrslu hefur verið skilað en hefur ekki verið birt á heimasíðu Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Skólinn skilar úrbótaáætlun í byrjun nóvember 2018.

Námsárangur

Í skýrslu gæðastjóra má sjá þau gæðamarkmið sem skólinn setur sér um nokkra þætti í skólastarfinu. Áfangastjórar halda utan um ýmis gögn er varða gæðamarkmiðin m.a. ástundun og námsárangur. Á haustönn 2017 var meðaleinkunn í áföngum 6,93 og á vorönn 2018 7,03. Meðaleinkunn hefur

farið hækkandi frá árinu 2005 og væri forvitnilegt að rýna betur í ástæður þess. Gæðakerfið var tekið í notkun árið 2005 og þá hefur námsmat orðið fjölbreyttara á síðustu árum sem gefur nemendum aukin tækifæri til að sýna hvað í þeim býr á annan hátt en eingöngu stór lokapróf gefa tækifæri til. Gæðamarkmið skólans eru að meðaltalseinkunn áfanga sé 6,5 þannig að gæðamarkmið um meðaleinkunn hefur náðst.

Fallprósenta á haustönn 2017 var 10,2% og á vorönn 2018 10,2%.

Fallprósenta er hærri miðað við gæðamarkmið skólans sem eru að fall sé undir 10%. Gæðamarkmiðum er því ekki náð í þessum þætti. Engin ein eiginleg skýring er á því hví fallprósenta er svo há sem raun ber vitni, aukið símat og léleg verkefnaskil nemenda geta spilað þar inní. Fall nemenda í áföngum er viðfangsefni sem allir innan skólasamfélagsins þurfa að takast á við og með ritun á nýrri skólanámsskrá á skólaárinu 2014-2015 fór fram mat á námsmati almennt í skólanum. Á vorönn 2015 lauk vinnu við nýjar námsmatsreglur í VMA og voru þær reglur innleiddar í dagskóla frá og með haustinu 2015, reglunum var síðan breytt lítillega haustið 2016 eftir að vinnuhópur fag- og brautarstjóra skilaði af sér tillögum þar um.

Mætingar og brottfall

Ástundun og mætingar nemenda voru slakari en undanfarnar annir eða 84,2% meðalmæting á haustönn 2017 og 80,1% meðalmæting á vorönn 2018 hjá nemendum sem klára önnina. Gæðamarkmiðin eru 90% mæting og hefur mæting verið smátt og smátt að minnka hjá nemendum. Brottfall á haustönn 2017 var 11,4% og á vorönn 2018 9,8% en gæðamarkmiðin eru 9%. Þessu markmiði var því ekki náð. Ástæður brottfalls eru nú teknar saman fyrir Menntamálastofnun sem gefur út skýrslu um brottfall í framhaldsskólum á Íslandi. VMA tekur þátt í brottfallsverkefni á vegum MRN og er lögð fram könnun á haustönn þar sem nýnemar eru spurðir um t.d. líðan og námsárangur. Með þessari könnun er hægt að skima út þá nemendur sem eru í brottfallshættu. Námsráðgjafar VMA halda utan um þessa könnun og eftirfylgni.

Námsáætlanir

Alls voru 311 námsáætlanir búnar til og dreift til nemenda í upphafi haustannar 2017 og 309 námsáætlanir búnar til og dreift til nemenda í upphafi vorannar 2018, að fjarnámi meðtöldu. Öllum námsáætlunum var skilað til áfangastjóra og settar á heimasíðu VMA.

Námsáætlanir í fjarnámi voru jafnframt settar inn á heimasíðu skólans en þær voru 58 á haustönn 2016 og 76 á vorönn 2018.

Áfangastjórar lögðu mikla vinnu í lestur námsáætlana í upphafi annar og mest áhersla var lögð á að nýjum námsmatsreglum væri fylgt. Við yfirferð námsáætlana í upphafi vorannar var mest horft til eftirfarandi þátta:

- námsmatsreglum fylgt.
- rétt útgáfa af gátlista og allar umbeðnar upplýsingar skv. gátlista.

Verkefnastjóri gæðamála fór ekki þá leið að gera frábrigðaskýrslur heldur fór fram á leiðréttingar og skipti upphaflegu skjölunum út jafnóðum og leiðrétt skjöl bárust. Skil námsáætlana voru góð en ennþá eru námskrárbreytingar að valda ýmsum truflunum og smávillum svo sem að áfangaheiti eru ekki nákvæmlega rétt og reynt var að leiðrétta allt slíkt. Ekki er hægt að tilgreina fjölda athugasemda við námsáætlanir skólaárinu. Fag- og brautarstjórar fengu í hendur frábrigðaskýrslur þar sem fram komu niðurstöður á yfirferð námsáætlana. Skil námsáætlana voru góð en ennþá eru námskrárbreytingar að valda ýmsum truflunum og smávillum svo sem að áfangaheiti eru ekki nákvæmlega rétt og reynt var að leiðrétta allt slíkt.

Framvindumat

Fag- og brautarstjórar skila framvindumati um miðja önn. Alls voru gerðar 38 skýrslur á skólaárinu (15 á haustönn og 23 á vorönn) og voru þær teknar fyrir á fundi gæðaráðs og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til vinnslu.

Yfirlit yfir athugasemdir sem komu fram við framvindumat haustannar 2017 og vorannar 2018 má sjá í skýrslum gæðastjóra á vef skólans.

Áfangaskýrslur vegna haustannar 2017

Fag- og brautarstjórar skiluðu áfangaskýrslum á sýnidegi námsmats þann 19.12.2017. Alls voru gerðar 22 skýrslur og voru þær teknar fyrir á fundi gæðaráðs, nr. 431, þann 10. janúar og 17.01.2018 og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til úrvinnslu. Skýrslurnar voru sendar í tölvupósti til fag- og brautarstjóra með upplýsingum um framvindu mála. Yfirlit yfir athugasemdir og stöðu mála má sjá í skýrslu gæðastjóra fyrir haustönn 2017.

Áfangaskýrslur vegna vorannar 2018

Fag- og brautarstjórar skiluðu áfangaskýrslum á sýnidegi námsmats þann 24. maí. Alls voru gerðar 40 ábendingaskýrslur og voru þær teknar fyrir á fundi gæðaráðs, nr. 443, þann 8. júní 2018 og þann 15.06.2018 var þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til úrvinnslu. Skýrslurnar voru sendar í tölvupósti til fag- og brautarstjóra með upplýsingum um framvindu mála. Yfirlit yfir athugasemdir og stöðu mála má sjá í skýrslu gæðastjóra fyrir vorönn 2018.

Ábendingar og kvartanir

Á skólaárinu bárust 17 vor 10 ábending og/eða kvörtun til gæðastjóra án þess að þær færu í gegnum framvindumat eða áfangaskýrslur. Öllum skýrslum hefur verið lokað. Flestar þessara ábendinga og kvartana koma frá nemendum til gæðastjóra eða annarra stjórnenda og varða málefni nemenda og nám þeirra í skólanum.

Umbóta- og forvarnaverkefni

Haustönn 2017

Styrkur fékkst til að vinna að eftirfarandi verkefnum:

Verkefni sem miðaði að því að kynna nýnemum undirstöðuatriði HAM (hugrænnar atferlismeðferðar) lauk á vorönn 2018. Skýrsla aðgengileg hjá aðstoðarskólameistara.

Námsver fyrir nemendur á Brautabréu var starfrækt á báðum önnum. Tilgangur verkefnisins er að styðja við nemendur í brottfallshættu, aðstoða við nám og bæta líðan nemenda. Markmiðið er að draga úr brottfalli á 1. ári. Verkefnið stendur yfir allt skólaárið.

Nýjar brautarlýsingar

Haldið var áfram með endurskoðun á skólanámskrá og brautarlýsingum á skólaárinu. Brautarlýsingar byggja á aðalnámskrá og þeim áherslum sem koma fram í skólanámskrá VMA. Verknám var aðlagð að nýjum áherslum og áfangar skilgreindir á þrep fyrir nýnema og þá sem hófu nám á haustönn 2015. Námskrárvinnu í iðn- og starfsnámi er að mestu lokið og allar brautir komnar í samþykktarferli hjá Menntamálastofnun fyrir utan vélstjórnarnám. Ferlið hefur verið seinlegt, sérstaklega þegar brautarlýsingar stoppa hjá starfsgreinaráðum og lengi þarf að bíða eftir umsögnum þeirra. Endurskoðun á stúdentsprófsbrautum er í vinnslu og þá sérstaklega vegna einstakra áfanga fremur en breytingar á brautarlýsingum.

Vorönn 2018

Áfram var haldið með vinnu í tengslum við nýja námskrá og þá aðallega tengt verknámi og endurskoðun á áföngum í samræmi við reynslu haustannar. Endurskoðun og breytingar á skólanámskrá eru óhjákvæmilegar og hafa kennarar undir leiðsögn fag- og brautarstjóra unnið að þeim breytingum í samvinnu við áfangastjóra og aðstoðarskólameistara. Jafnframt hefur samstarf við Menntamálastofnun verið mjög gott.

Önnur verkefni sem unnin voru á vorönn 2018 og falla undir forvarnir og úrbætur voru m.a.

- Skólinn er þátttakandi í verkefni ásamt Jafnréttisstofu þar sem markmiðið er að fjölga stúlkum í iðn- og tækninámi og strákum í háriðn og sjúkraliðanámi – *Rjúfum hefðirnar, förum nýjar leiðir*. Nokkrir utanaðkomandi fyrirlesarar komu á kennarafundi vorannar með fræðslu um jafnréttistengd málefni.
- Námsver fyrir nemendur á Brautabré var starfrækt í skólanum á vorönn 2017. Tilgangur verkefnisins er að styðja við nemendur í brottfallshættu, aðstoða við nám og bæta líðan nemenda. Markmiðið er að draga úr brottfalli á 1. ári.
- Á starfsþróunardögum 28. og 29. maí var annarsvegar unnið með upplýsingatækni þar sem þrjú starfsmenn VMA leiddu umræðu um

ýmsa hluti á þeim vettvangi og hinsvegar var umræða um kennsluaðferðir. Slík umfjöllun miðar að því að kennarar og stjórnendur festist ekki í ákveðnum aðferðum og viðmiðum um kennslu og skólastarf heldur hugsi um hvað það er sem við viljum að nemendur læri og taki með sér úr skólanum.

- Verkmenntaskólinn á Akureyri tekur þátt í fjölmörgum lýðheilsuverkefnum með ágætis árangri og þátttöku nemenda og starfsmanna, ásamt því að skipuleggja vorhlaup VMA. Lýðheilsuverkefnin eru færri á haustönn, en helst ber að nefna: heilsueflandi framhaldsskóli, hjólað í vinnuna, hjólum í skólann, vorhlaup VMA og lífshlaupið.

Þann 15. september 2018 á gæðakerfi skólans að vera aðlagað að breytingum á ISO 9001 staðlinum. Mikil vinna er fólgin í uppfærslunni og innleiða þarf samhliða breytingar á skólanámskránni. Hafa þarf að leiðarljósi að létta gæðakerfið þannig að það taki ekki of mikinn tíma frá kennurum og stjórnendum án þess að skerða þau gæði sem skólinn stendur fyrir.

Þar sem matsáætlun skólans er hluti af gæðahandbók leggjum við hér fram skýrslu (á vef) gæðastjóra fyrir [haustönn 2017 og vorönn 2018](#).

Akureyri 8. október 2018

Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari tók saman